

Efni: Frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (heildarlög, strangari reglur), 512. mál.

Ísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (heildarlög, strangari reglur), 512. mál. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Í 3. gr. frumvarpsins segir: *Sinubrenna er óheimil. Þó er ábúendum eða eigendum jarða á lögbýlum þar sem stundaður er landbúnaður heimilt að brenna sinu samkvæmt skriflegu leyfi sýslumanns enda sé tilgangurinn rökstuddur og augljósir hagsmunir vegna jarðræktar eða búfjárræktar.*

Náttúrufræðistofnun tekur undir það að meginreglan eigi að vera sú að sinubrenna skuli vera óheimil. Náttúrufræðistofnun veltir því upp hvort nokkur ástæða sé til að hafa almenna undanþáguheimild fyrir ábúendum og eigendum jarða til brenna sinu sbr.4. gr. frumvarpsins þó þar séu settar ýmsar takmarkanir sbr. einnig 3. gr. frumvarpsins þar sem segir: *Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri, skógi eða mannvirkjum. Við sinubrennu skal gæta ýrtruðu varkárni og gæta þess að valda ekki óþarfa ónæði eða óþægindum.* Vart er hægt að sjá að undanþáguheimild muni breyta nokkru um búskap eða afkomu í landbúnaði miðað við nútíma búskaparhætti þótt sinubrennsla yrði bönnuð með öllu.

Yrði sinubrennsla bönnuð með öllu, fellur 4. grein niður og annað í frumvarpinu er varðar það sama. Í greinargerð við frumvarpið koma fram ýmis almenn sjónarmið varðandi sinubrennu s.s. að slökkviliðsstjórar eru á móti því að sina sé brennd og Mannvirkjastofnun tekur undir að hún sé hættuleg og geti farið úr böndunum og er niðurstaða Mannvirkjastofnunar að banna sinubrennslu alfarið ef það sé hægt. Umhverfisstofnun telur þörf á að herða verulega reglur um sinubrennur eða jafnvel banna þær alfarið.

Í frumvarpinu er ekkert vikið að því að nauðsynlegt er að einhver aðili annist skráningu gróðurelda, (leyfðra og óleyfðra), þar sem skráð er stærð brunasvæða, landgerð/gróður sem brennur, ástæða bruna, veðuraðstæður, tjón sem af hlýst o.s.frv. Nauðsynlegt að byggja upp slíkan þekkingargrunn til að byggja á og taka á vandamálinu í framtíðinni.

Náttúrufræðistofnun hefur frá Mýraledum 2006 reynt að sinna þessu, en engan stuðning og lítinn skilning fengið á því. T.d. er stofnunarinnar hvergi getið í þingskjalinu, hefur þó sennilega sinnt þessum málefni mest allra stofnana. Þetta er nauðsynlegt að gera, því gróðureldar munu koma upp áfram, þótt sinnubrennsla yrði bönnuð á bújörðum.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun leggur til að sinubrennsla verði bönnuð með öllu. Hún veldur mengun, losar gróðurhúsalofttegundir (CO₂) út í andrúmsloftið, óþægindi og óhollasta fyrir fólk, skaði á náttúru og umhverfi, tjón á mannvirkjum, erfitt að benda á augljósa efnahagslegan ávinning fyrir bændur, talsverð áhætta tekin við brennslu og lendir á almenningi að borga fyrir skaðann ef eldur fer úr böndunum. Á undanförmum áratugum hefur

dregið úr beit, skógur og gras/sina (m.a. lúpínusina) aukist á landi og þ.a.l. aukin hætta á stórbrunum ef eldur fer úr böndum. Sinubrennsla er víðast hvar aflögð í nágrannalöndunum og aðeins leyfð í undantekningartilvikum eða háð mjög ströngum skilyrðum s.s. vegna plöntusjúkdóma og skordýraplága sem vart til að dreifa hér á landi.

Virðingarfyllt
Jón Gunnar Ottósson

Trausti Baldursson